

264. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, miðvikudaginn 4. júní 2025 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri, Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri og Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2505216 - Árshlutauppgjör 2025

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri kynnir árshlutauppgjör málaflokka skóla- og frístundasviðs, tímabilið janúar - mars 2025.

Skóla- og frístundaráð þakkar Kristjönu fyrir góða yfirferð.

Kristjana vísar af fundi.

2. 2506017 - Klifurfélag ÍA - húsnæði og starfsemi

Umfjöllun um framtíðarhúsnæði fyrir Klifurfélag Akraness. Markmið Akraneskaupstaðar er leitast við að starfsemi aðildarféлага Íþróttabandalags Akraness geti farið fram í íþróttamannvirkjum kaupstaðarins.

Sturla M. Guðmundsson og Guðmundur Þ. Valsson fulltrúar Klifurfélags Akraness sitja fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra og forstöðumanni íþróttamannvirkja að vinna málið áfram.

Sturla og Guðmundur víkja af fundi.

3. 2505244 - Þorpið eldhús

Erindi frá forstöðumanni Þorpsins og verkefnastjóra frístunda- og forvarnarmála um ástand á húsnæði Þorpsins, þá aðallega eldhúsi og stigahúsi.

Ívar Orri Kristjánsson forstöðumaður Þorpsins og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri frístunda- og forvarnarmála fylgja málinu eftir.

Skóla- og frístundaráð leggur til að unnin verði kostnaðargreining á nauðsynlegum úrtbótum á eldhúsi Þorpsins í samstarfi við skipulags- og umhverfissvið. Ráðið felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.

Ívar Orri og Heiðrún víkja af fundi.

4. 2504001 - Greining KPMG á reiknilíkönnum grunn- og leikskóla

Sviðsstjóri kynnir fyrir skóla- og frístundaráði fyrstu drög að greiningu KPMG á rekstri leik- og grunnskóla Akraneskaupstaðar.

Lagt fram.

5. 2505130 - Fjárhagsáætlun leikskóla 2025

Sviðsstjóri kynnir fyrir skóla- og frístundaráði fjölda og skiptingu stöðugilda í leikskólum Akraneskaupstaðar fyrir starfsárið 2025-2026.

Lagt fram.

6. 2505167 - Málefni leikskólastigsins 2025

Umfjöllun um fyrirkomulag skráningardaga í leikskólum Akraneskaupstaðar fyrir næsta starfsár 2025-2026.

Íris Sigurðardóttir áheyrnafulltrúi leikskólastjóra situr þennan fundarlið.

Skóla- og frístundaráð er áfram um að halda inni 10 skráningardögum á næsta starfsári og felur sviðsstjóra og leikskólastjórum nánari útfærslu í takt við umræður fundarins.

Íris vikur af fundi.

7. 2406016 - Nýtt íþróttahús á Jaðarsbökkum - nýting

Knattspyrnufélag ÍA og Körfuknattleiksfélag ÍA leggja fram beiðni um að nýta hluta geymslurýmis í nýja íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum sem félagsrými fyrir aðildarfélög ÍA.

Ingimar Elí Hlynsson framkvæmdastjóri KFÍA, Birkir Guðjónsson formaður KÍA, Kjell Wormdal yfirbjálfari sundfélagsins og Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við skipulags- og umhverfissvið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.